

118. fundur í stjórn FSS, Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi, 9. nóvember 2015 kl. 16.30, í Fjölheimum

Mætt: Gunnar Bragi Þorsteinsson, Magðalena Jónsdóttir, Elín Einaradóttir, Þór Hreinsson og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásmundur Sverrir Pálsson, fr.kvstj.

Dagskrá:

1. Hugmyndir um sameiningu FSS og HfSu

Stjórn telur eðlilegt að hugað sé að öllum leiðum sem til framdráttar geta orðið fyrir starfsemi félaganna og til eflingar fullorðinsfræðslu á starfssvæði þeirra. Jafnframt kallar stjórn eftir heildarstefnumótun yfirvalda fyrir landið allt í þessum málaflokki og óskar eftir fundi með fulltrúum menntamálaráðuneytisins um stöðu mála og framtíðarsýn. Stjórn FSS er hér eftir sem hingað til opin fyrir samstarfi um eflingu menntunar og rannsókna og telur eðlilegt að hugmyndir um sameiningu félaganna verði ræddar áfram á næstu misserum og grafist fyrir um kosti hennar og galla, áður en bindandi ákvarðanir verði teknar.

2. Ráðningarferli – Staða framkvæmdastjóra

Formaður kynnti umsækjendur um starfið og ráðningarferlið. Stjórn felur formanni og varaformanni að vinna forvinnu með starfsmanni Hagvangs. Sú vinna fer fram í þessari viku. Í framhaldinu yrðu umsækjendur kallaðir á fund stjórnarinnar sem tæki lokaákvörðun um ráðninguna.

3. Önnur mál

a) Fr.kv.stjóri kynnti. Haldinn var starfsdagur FSS á Kirkjubæjarklaustri 6. nóvember sl. Rætt var m.a. um gæðamál og rekstrarmál.

b) Magðalena tilkynnti að hún hygðist hætta í stjórn á næstunni. Rætt var um hvernig staðið yrði að tilnefningu fulltrúa í hennar stað.

c) Þór spurði um umsóknir um styrk úr Vísindasjóði. Þrjár umsóknir bárust og ákveðið var að framlengja umsóknarfrest.

Fundi slitið kl. 17.55